

Fimmtudaginn 7. desember 1989.

Nr. 466/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Ólafi Þór Þórhallssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 30. nóvember 1989. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og kröfum ákærvalds um frekara gæsluvarðhald synjað, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði verulega stytur. Þá gerir skipaður verjandi hans kröfu um hæfileg málsvarnarlaun sérstaklega í þessum þætti málsins.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Ákæra á hendur varnaraðila og tveimur mönnum öðrum var gefin út 11. október 1989 og barst sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 13. október. Hinn 3. nóvember var sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum háður, og var þá m.a. fært til bókar: „Ekki hefur enn borist svar við því erindi dómara, dags. 19. fyrra mánaðar, til dómsmálaráðuneytis, að sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum verði fjölskipaður til meðferðar þessa máls. Dómari telur þó eigi þola lengri bið að þingfesta málið ...“ Í þessu þinghaldi var ákæra birt hinum ákærðu og þeim skipaðir verjendur. „Dómari lét þess getið, að frestur til skoðunar fram lagðra gagna væri ákveðinn til 24. þessa mánaðar, en þá ráðgert að hefja dómsrannsókn. Nánar og nákvæmar yrði þó um það tilkynnt síðar.“

Málið var næst tekið fyrir 24. nóvember og þá m.a. bókað: „Dómari vísar til síðasta þinghalds í máli þessu ... og ráðagerða þar að halda í dag fram meðferð málsins. Svo getur þó ekki orðið og þykir rétt að skýra nokkrum orðum. Áður er vikið að skriflegu erindi dómara til dómsmálaráðuneytis ... um fjölskipaðan sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum til meðferðar þessa máls. ... Var þá á

vegum ráðuneytisins samið frumvarp til breytinga á lögum ... í því skyni að taka af tvímæli í þessu sambandi ... Fyrr í þessari viku fékk dómari staðfest, að lokið væri umfjöllun þessa frumvarps í fyrri þingdeild og það komið til meðferðar hinnar síðari ... Dómari hefur skýrt verjendum öllum frá þessari þróun, svo og, að næsta þinghald í málinu verði ákvarðað og tilkynnt svo fljótt sem verða má, eftir að ofangreint frumvarp hefur hlotið þinglega meðferð.“

Hinn 29. nóvember 1989 sótti aðalfulltrúi við embætti ríkissaksóknara dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, lagði fram ýmis gögn og vísaði til þess, að komið væri „að lokum hins afmarkaða gæsluvarðhaldstíma Ólafs Þórs Þórhallssonar, en talið nauðsynlegt af hálfu ákæruvalds, að Ólafur þessi yrði fyrir dómi yfirheyrður um sakarefnið, áður en ákæruvald mótaði kröfugerð“. Eftir það var varnaraðili færður fyrir dóminn og verjandi hans kvaddur til. Verjandi lagði fram bréf sitt til ríkissaksóknara, dags. 24. nóvember 1989, þar sem þess er farið á leit, að fallið verði frá frekari kröfum um gæsluvarðhald varnaraðila, „enda er hann reiðubúinn til að láta leggja fram tryggingu eða ábyrgðir, sbr. 71. gr. laga nr. 74/1974, og sæta farbanni“. Varnaraðili var yfirheyrður og neitaði sakargiftum. Að því loknu kvaðst fulltrúi ákæruvalds „með vísan til fram lagðra gagna og þar með talins framburðar ákærða hér fyrir dómi nú fyrir stundu og með vísan til 4. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 gera kröfu til, að framlengt verði gæsluvarðhald Ólafs Þórs Þórhallssonar, þar til undirréttardómur hefur gengið í máli hans, en þó eigi lengur en til 15. febrúar 1990“, enda „óbreyttar allar fyrri forsendur, frá því er síðast var úrskurðað í máli ákærða“. Varnaraðili og verjandi hans mótmæltu kröfu ákæruvaldsins, sem að því búnu var tekin til úrskurðar. Samkvæmt gögnum máls var hinn kærði úrskurður kveðinn upp 30. nóvember 1989, en ekki 29. nóvember, svo sem í upphafi hans greinir.

Ríkissaksóknari hefur sent Hæstarétti greinargerð í máli þessu, og barst hún réttinum 5. desember. Þar segir m.a.:

„Ákæra var gefin út í máli þessu 11. október sl. á hendur nefndum Ólafi Þór....., og....., fyrir ætluð brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Ákærða, Ólafi Þór, eru gefin að sök mjög stórfelld brot, er varða innflutning og dreifingu á kókaini í ágóðaskyni, og geta sannaðar sakir varðað allt að 10 ára

fangelsi. Ákærði hefur til þessa neitað öllum sakargiftum og síðast í þinghaldi 29. f.m.

Fyrir liggja játningar meðákærðu....., og hafa þeir báðir lýst þætti ákærða, Ólafs Þórs, í málinu, og jafnframt hafa aðrir borið þar um, m.a. ..., sem ákærður hefur verið fyrir að selja kókaín fyrir Ólaf Þór, og ..., sem ákærður hefur verið fyrir að hafa tekið við kókaíni úr höndum Ólafs Þórs. Framburður allra þessara manna skiptir mjög miklu máli við sakarmat í þætti Ólafs Þórs.

Með vísan til framanritaðs svo og forsendna hins kærða úrskurðar er þess krafist af ákæruvaldsins hálfu, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, sbr. 1. og 4. tl. 67. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974.“

Í greinargerð skipaðs verjanda varnaraðila, sem barst Hæstarétti 4. desember 1989, segir m.a.:

„Skjólstæðingur minn hefur sætt gæsluvarðhaldi viðstöðulaust frá 12. maí 1989, en frá 31. júlí 1989 eingöngu skv. 4. tölulið 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, enda þá kröfum lögreglu hafnað um gæsluvarðhald í þágu rannsóknarhagsmuna.

Lögreglurannsókn málsins var lokið 31. júlí 1989 og úrskurður þá til 30. september 1989, enda talið, að þá yrði dómsmeðferð lokið í undirrætti. Hins vegar urðu tafir á afgreiðslu rannsóknargagna frá lögreglu til embættis hæstvirts ríkissaksóknara, og var þá af hálfu ákæruvalds krafist framhalds gæsluvarðhalds allt til 30. nóvember 1989. Nú hafa aftur orðið tafir á dómsmeðferð málsins, þar sem nauðsyn þótti á fjölskipuðum dómi, en af hálfu hins háa ráðuneytis dómsmála þótti lagaheimild skorta fyrir þeirri tilhögun. Bíður nú meðferð málsins lagabreytingar frá hinu háa Alþingi ... Bendir flest til þess, að dómsmeðferð í máli skjólst. míns muni því tefjast verulega, og óvíst, hvenær lagaskilyrði verða tiltæk um meðferð á máli skjólst. míns. ...

Af hálfu skjólstæðings míns eru aðstæður til að leggja fram tryggingu og ábyrgðir, sbr. 71. gr. laga nr. 74/1974, og auk þess er vísað til heimilda um farbann. Þau úrræði ættu hér að koma að sama haldi og gæsluvarðhald skv. 4. tölulið 1. mgr. 67. gr. l. 74/1974. Skjólst. minn hefur staðfastlega neitað aðild sinni varðandi ákæruatriði og nú síðast fyrir dómi 29. nóvember 1989. Aðrir ákærðu hafa verið lausir úr gæslu frá því snemma sumars og ekki

sætt gæslu skv. 4. tölulið 1. mgr. 67. gr. l. 74/1974. Liggur þó fyrir játning hjá þeim aðilum og önnur sönnunargögn. ...

...Ekki þykir réttlætanlegt, að skjólst. minn þurfi að þola frelsis-sviptingu vegna ástæðna, er varða galla í lagasetningu vegna opinbers réttarfars, og að skjólst. minn þurfi að þola gæsluvarðhald, meðan löggjafarvaldið vinnur að úrbótum á lögum, er varða skipun og stöðu opinbers dómstóls. ...“

Í forsendum úrskurðar sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 31. júlí 1989, þegar gæsluvarðhald varnaraðila var framlengt allt til 30. september 1989, segir m.a.: „Ríkissaksóknari lýsti yfir, að hraðað yrði, sem kostur væri, meðferð málsins af hálfu ákærvalds, eftir að endanleg gögn hefðu þangað borist, og samkvæmt því fullvist, að innan skamms verði út gefin ákæra...“ Í forsendum úrskurðar sakadómsins 30. september 1989, þegar gæsluvarðhald varnaraðila var aftur framlengt allt til 30. nóvember 1989, sagði m.a.: „Margt þykir benda til, að dómsmeðferð máls þessa muni verða umfangsmikil og tímafrek. Tímamörkin 30. nóvember n.k. í kröfugerð ákærvalds eru því ekki talin óraunhæf í þessu samhengi.“ Með dómi Hæstaréttar 6. október 1989 var þessi úrskurður staðfestur með vísan til forsendna hans.

Af hálfu ákærvalds hefur ekki verið sýnt fram á, að nauðsyn sé frekara gæsluvarðhalds varnaraðila á grundvelli 1. töluliðar 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, og var enda ekki á því byggt í héraði. Þegar gæsluvarðhaldi er beitt, skal máli sökunautar fram haldið án undandráttar. Svo sem að framan er rakið, hefur dómsmeðferð á máli varnaraðila verið frestað af ástæðum, sem honum verður ekki um kennt, og er óvíst, hvenær henni verður haldið áfram. Að svo vöxnu máli þykja eigi næg skilyrði vera til að taka kröfu ákærvalds um framlengingu gæsluvarðhaldsvisitar varnaraðila til greina. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Af hálfu ákærvalds hafa ekki verið hafðar uppi til vara kröfur um önnur úrræði gagnvart varnaraðila, og koma þau því ekki nú til álita hér fyrir dómi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma skipuðum verjanda varnaraðila málsvarnarlaun úr ríkissjóði í þessum þætti málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði. Að öðru leyti bíður ákvörðun um sakarkostnað efnisdóms í máli varnaraðila.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Ríkissjóður greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Oddssonar hæstaréttariögnmanns, 12.000,00 krónur.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 30. nóvember 1989.

Ár 1989, miðvikudag 30. nóvember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni sakadómara og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Hinn 31. júlí sl. var hér við embætti og að fram kominni kröfu ríkissaksóknara kveðinn upp úrskurður um framlengt gæsluvarðhald Ólafs Þórs Þórhallssonar, kt. 170264-2669, frá kl. 15.00 að telja 1. ágúst og allt að jafnlengd 30. september 1989.

Sama dag og enn að kröfu ákærvalds var með úrskurði, upp kveðnum hér við embætti, framlengt nefnt gæsluvarðhald frá kl. 15.00 að telja 30. september 1989 og allt að sama tíma 30. nóvember 1989, en þó ekki lengur en til uppsögu héraðsdóms í máli Ólafs Þórs, ef fyrr yrði.

— — —

Gögn þessa máls voru 12. september sl. send ríkissaksóknara frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík, en ákæra út gefin 11. október sl., og barst hún þessu embætti 13. sama mánaðar.

Dómari sendi dómsmálaráðuneyti 19. sama mánaðar skriflegt erindi um fjölskipaðan sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum til meðferðar þessa máls. Erindi þetta var til umfjölunar í nefndu ráðuneyti fram til 3. þessa mánaðar og þá ekki talið ótvírætt, að þessi skipan dómsins ætti stoð í gildandi lögum. Sama dag var á vegum ráðuneytisins sarnið frumvarp til breytinga á lögum nr. 29/1986 í því skyni að taka af tvímæli í þessu sambandi. Enn sama dag var málið þingfest hér við embætti, ákæru orðar, verjendur skipaðir og þeim afhent afrit alira gagna, en þeim ákveðinn frestur til 24. þessa mánaðar að kynna sér þau.

Nefnt frumvarp var til meðferðar í þingflokki 6. þessa mánaðar, en fyrir allsherjarnefnd efri deildar Aipings 9. og 10. þessa mánaðar. Þá er dómara kunnugt, að fyrr í þessari viku var frumvarpið til nefndar meðferðar í síðari þingdeild.

Fulltrúi ríkissaksóknara sótti dóm hér í dag og lagði fram ofangreind gögn, en taldi nauðsynlegt, áður en hann tæki afstöðu til frekari kröfugerðar, að gæslufanginn yrði yfirheyrður efnislega fyrir dómi um ætíð sakar-

efni samkvæmt fyrrnefndu ákæruskjali. Var svo gert, og bar þá Ólafur Þór Þórhallsson algerlega af sér öll ætluð sakaratriði, talin í nefndu skjali.

Nefndur fulltrúi ákæruvalds gerði þá með vísan til fram lagðra gagna og þar með talins þessa framburðar gæslufanga fyrir dómi, svo og með vísan til 4. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, kröfu til, að framlengt yrði með dómsúrskurði gæsluvarðhald Ólafs Þórs Þórhallssonar, þar til undirrættardómur hefur gengið í máli hans, en þó eigi lengur en til 15. febrúar 1990 kl. 17.00. Kvaðst nefndur fulltrúi telja óbreyttar allar fyrri forsendur, frá því er síðast var framlengt gæsluvarðhald margnefnds Ólafs.

Verjandi mótmælti þessari kröfugerð ákæruvalds og vísaði nánar þar um til bréfs, sem hann hefði sent ríkissaksóknara og dagsett er 24. þessa mánaðar. Er þar rakin vistun gæslufangans í einangrun að kröfu lögreglu-yfirvalda tímabilið 12. maí 1989 til 31. júlí sl., en með rýmri réttarstöðu frá 1. ágúst sl. til þessa dags að kröfum ákæruvalds. Einnig var lýst ætlaðri töf á framsendingu gagna frá lögreglu til ákæruvalds svo og nýlegri töfum á málsmeðferð vegna þinglegrar meðferðar lagafrumvarps.

Verjandi taldi áðurgreinda gæsluvarðhaldsvist hafa orðið mjög þungbæra skjólstæðingi sínum svo og fjölskyldu hans og umfram það, sem aðrir grunaðir í máli þessu hefðu þurft að þola. Verjandi taldi hvorki rannsóknarhagsmuni né réttaröryggi kalla eftir lengra gæsluvarðhaldi, en tryggingu eða ábyrgðir og farbann geta komið í þess stað. Þá vék verjandi að heimilishögum gæslufanga svo og hugsanlegri hættu á heilsutjóni og velferðarmissi gæslufangans og hans nánustu.

Gæslufanginn mótmælti og kröfugerð ákæruvalds, en tók undir og áréttaði röksemdir verjanda.

Niðurstöður.

Samkvæmt ofanskráðu hafa þrír síðustu úrskurðir um framlengt gæsluvarðhald Ólafs Þórs Þórhallssonar verið reistir á sömu forsendum og kröfugerð ríkissaksóknara á grundvelli 4. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Úrskurður, upp kveðinn 30. september sl., var samkvæmt framanskráðu kærður til Hæstaréttar Íslands, en staðfestur þar óbreyttur. Þykir með vísan til þess auk annars ofanritaðs óhjákvæmilegt að telja hér enn gilda skilyrði nefnds 4. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og þá skylt að verða við kröfum ákæruvalds.

Málsmeðferð þykir samkvæmt því, sem fyrr er rakið, um margt orðin óvenjuleg, en ætlaðar tafir í því sambandi þó ekki með réttu raktar til aðgerða ákæruvalds eða þessa embættis. Með vísan til þessa auk ofanritaðs svo og 4. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir eiga að ná fram að ganga sú krafa ákæruvalds, að framlengt verði gæsluvarðhald Ólafs

Þórs Þórhallssonar, þar til undirréttardómur hefur gengið í máli hans, en þó eigi lengur en til 31. janúar 1990 kl. 17.00.

Er þá gert ráð fyrir, að gæslufanginn njóti í þessari vistun, svo sem verið hefur frá 31. júlí sl., réttarstöðu afplánunarfanga.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Framlengd er gæsluvarðhaldsvist Ólafs Þórs Þórhallssonar, kt. 170264-2669, frá kl. 15.00 að telja 30. nóvember 1989 og þar til undirréttardómur gengur í máli nefnds aðila, en þó eigi lengur en til kl. 17.00 31. janúar 1990, enda njóti nefndur aðili á þessu tímabili réttarstöðu afplánunarfanga.
